

**Nd.**

**398. Frumvarp til laga**

[211. mál]

um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Eftir 3. umr. í Ed., 18. des.)

Samhljóða þskj. 226 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Lög þessi gilda um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka ekki til:

1. Biskups Íslands, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavík-urflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkislögmans, ríkissaksóknara, ríkisskattaneftarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómarara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómarara, en starfskjör þeirra skulu ákveðin af Kjaradómi.
2. Starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins.
3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 og lög nr. 19/1979.
4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.
5. Forstöðumanna stofnana, sbr. 5. og 6. tölul. 29. gr. laga nr. 38/1954, sem óska að vera utan samningsumboðs stéttarfélaga og ákveður fjármálaráðherra þeim starfskjör án samninga.
6. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í 4.–6. tölul. 19. gr. þessara laga og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án samninga.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

19. gr. hljóðar svo:

Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

1. Þeirra sem skipa störf sem talin eru upp í 29. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.
2. Þeirra sem heyra undir lög nr. 56/1972, um lögreglumenn ríkisins, með síðari breytingum, og lög nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, með síðari breytingum.
3. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
4. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launa-deilda.
5. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
6. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 4. og 5. tölul.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf þau sem falla undir ákvæði 3.–6. tölul. fyrri mgr. þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skráum skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.